GESTAKENNARI KRAMHÚSSINS



NÆSTU 3 MÁNUÐI

NANETTE NILMS

JAZZDANSARI FRÁ NEW YORK JUBILATIONS DANCECOMPANY

JAZZDANS
fyrir byrjendur og framhaldshópa, börn og fullorðna.
- Nútímadans
- Klassískur ballett
- Steppdans

DANSARAR!
Getum skipulagt sérstaka tíma fyrir ykkur undir handleiðslu Nanette Nilms.

LAUSIR TÍMAR Í:
- Sjúkraleikfimi
- Afríkudönsum
- Þrekleikfimi
- Leikfimi fyrir byrjendur

Innritun í símum: 15103 og 17860.

KRAM HÚSIÐ
Dans- og leiksmiðja v/Bergstaðastræti.

Í KRAMHÚSINU ER ALLTAF EITTHVAÐ UM AÐ VERA

TÖLVUNÁMSKEIÐ FYRIR VERKFRÆÐINGA

Stutt og hnitmiðað námskeið sem kynnir vel notkun smátölva við verkfræðistörf

Dagskrá:

- ★ Örtölvubyltingin og notkun smátölva við verkfræðistörf.
- ★ Stýrikerfið MS-DOS.
- ★ Verkáætlanakerfið PROJECT.
- ★ Töflureiknirinn MULTIPLAN.
- ★ Gagnasafnskerfið D-base III.
- ★ Teikniforritin AUTO CAD.
- ★ Landmælingaforritin SATS 10.
- ★ Umræður og fyrirspurnir.

Leiðbeinendur:


Halldór Kristjánsson verkfræðingur.


Dr. Kristján Ingvarsson verkfræðingur.



Óskar B. Hauksson verkfræðingur.


Örn Steinar Sigurðsson verkfræðingur.


Sigurður Elías Hjaltason verkfræðingur, M.S.C.E.

Tími: 13.—16. október kl. 17—20.
Innritun í símum 687590 og 686790.

TÖLVUFRÆÐSLAN


Ingólfur Eyfells, bróðursonur listamannsins, og Einar Eyfells sonur Eyjólfs.


Yfirlitssýning á verkum Eyjólfs J. Eyfells

Sýningin haldin í tilefni aldarminningar listamannsins

YFIRLITSSÝNING á verkum Eyjólfs J. Eyfells í tilefni aldarminningar hans var opnuð á Kjarvalsstöðum í gær kl. 14.00. Á sýningunni eru 102 verka hans, sem er aðeins brot af því sem listamaðurinn málaði á ferli sínum. Afkomendur Eyjólfs og tengdafólk stendur að sýningunni, en listamaðurinn lést árið 1979, þá 93 ára að aldri.

Eyjólfur fæddist 6. júní 1886 að Seljalandsseli undir Eyjafjöllum. Foreldrar hans voru Jón Sigurðsson, bóndi, og Guðríður Eyjólfsdóttir. Eyjólfur ólst upp með móður sinni að Súluholti í Flóa og stundaði hann öll almenn sveitastörf og sjóróðra framan af. Árið 1908, þá 22 ára gamall, fluttist Eyjólfur til Reykjavíkur og hóf teiknínám hjá Stefáni Eirikssyni. Þar var hann í þrjú ár. Árið 1919 hélt hann sína fyrstu sýningu í KFUM húsinu í Reykjavík. Fjórum árum síðar hélt hann til náms, til Dresden í Þýskalandi og var kennari hans þar prófessor E. O. Simonsen-Castelli, sem var mjög þekktur. Eyjólfur hafði málaralistina að ævistarfi eða frá 1914 til ársins 1977, þar til hann varð 91 árs.

Eyjólfur bjó lengst af að Skólavörðustíg 4 og hafði vinnustofu sína á Safnahúsloftinu við Hverfisgötu. Allar myndirnar á sýningunni að Kjarvalsstöðum nú eru í einkaeign og meðal þeirra er altaristafla úr Staðarkirkju í Miðfirði eftir listamanninn. Þá eru á sýningunni tvær


Eyjólfur Eyfells

af elstu myndum Eyjólfs, málaðar árið 1908.

Eyjólfur kvæntist árið 1921 Ingibjörgu, dóttur Einars Pálssonar prests í Reykholti og konu hans Jóhönnu Eggertsdóttur Briem. Þau eignuðust fjögur börn, Einar, verkfræðing búsettan í Reykjavík, Jóhann, prófessor í listum við University og Central Florida í Orlando, Kristínu, handavinnukennara, sem nú er látin, og Elínu, húsmóður í Reykjavík.

Sýningin stendur til 19. október og er opin frá 14.00 til 22.00 alla daga vikunnar.

Samtök lækna gegn kjarnorkuvá:

Stöðva ber tilraunir með kjarnorkuvopn

ALÞJÓÐASAMTÖK lækna gegn kjarnorkuvá, IPPNW, er alþjóðleg friðarhreyfing. I henni eru 150 þúsund læknar starfar hún óháð stjórnmálaöflum. Markmið samtakann er að koma í veg fyrir kjarnorkustríð, og fengu þau friðarverðlaun Nóbels árið 1985.

I fréttatilkynningu frá samtökunum segir: „Alþjóðasamtökin og Íslandsdeild þeirra, Samtök íslenskra lækna gegn kjarnorkuvá, fagna því, að leiðtogar stórveldanna, þeir Ronald Reagan og Michael Gorbachev, hafa ákveðið að ræðast við á ný.

Samtökin hvetja leiðtogana til að sameinast um að stöðva allar tilraunir með kjarnorkuvopn þar til samkomulag næst um alþjóðlegt bann við kjarnorkuvopnatilraunum og frekari útbreyðslu kjarnorkuvopna. Slíkt frumkvæði yrði öðrum kjarnorkuveldum hvatning sem draga mundi úr kjarnorkuvopnakapphlaupinu.

Samtökin óska þess að fundurinn í Reykjavík verði landsbyggðinni til heilla.